



ORKUSTOFNUN

Umsögn vegna vatnsöflunar á Húsafelli

María Jóna Gunnarsdóttir

Greinargerð MJG-86-03

UMSÖGN VEGNA VATNSÖFLUNAR Á HÚSAFELLI

Á Húsafelli er þjónustustarfsemi fyrir ferðamenn. Þar er sumarhúsabyggð og sundlaug. Töluverður jarðhiti er á yfirborði í nágrenni bæjarins 40 til 62 C og er hann notaður fyrir sundlaug og til hitunar flugskýlis sem þarna er. Annað húsnæði, sumarhús og sveitabær er hitað með rafmagni bæði frá vatnsaflstöð á staðnum og frá Rarík. Jarðhitadeild hefur ráðlagt, ef til borunar kemur, að bora í Selgili í um 2,5 km fjarlægð frá bænum (Kristján Sæmundsson, grg.86/08). Gert er ráð fyrir að þar fáiast allt að 80 C heitt vatn og að holan þurfi að vera 300 m djúp.

Samkvæmt áætlunum frá Gunnari Haraldssyni hagfræðingi um "Hitaveitu á Húsafelli" og "Fiskeldisstöð að Húsafelli" er fyrirhugað að auka þjónustu við ferðamenn og byggja sumarhús og mótél, alls um 9000 m³, og nýja sundlaug. Auk þess er fyrirhugað að byggja fiskeldisstöð í landi Húsafells. Í fyrsta lagi seiðaeldisstöð fyrir 300.000 seiði og í öðru lagi að rækta regnbogasilung í matfiskastærð en það fer eftir árangri í vatnsöflun og markaðsaðstæðum.

Kostnaður við borun er áætlaður 2 millj.kr. Viðbótarvatnspörf til hitunar húsa, fyrir nýju sundlaugina og fiskeldisstöð er, samkvæmt áætlun Gunnars, $(1,3 + 2,7 + 8) = 12$ l/s eða 720 mín.lítrar. Kostnaður við djúpdælu og virkjun áætlast hér 300 þús.kr. Heildarkostnaður við borholu er þá 2,3 millj.kr. Miðað við að 10 ára afskriftartíma á borholu og 6% vöxtum er árlegur kostnaður með viðhaldi 370 þús.kr sem er 514 kr/mín.lítra við borholu. Reikna má með a.m.k. þreföldun á því verði með lögnum og dreifikerfi. Til viðmiðunar má nefna að mín.lítr. kostar hjá ódýrum hitaveitum við húsvegg 3 til 4 þús.kr. Þannig að segja má að ef áætlanir standast um notkun og kostnað er þetta ódýr orka.